

Fundur í Grænfánanefnd Grunnskóla Seltjarnarness

Dags. 11.10.2012

Mætt: Laufey Alda verkefnisstjóri, Gerður frá Landvernd, Salóme frá Landvernd, Fjóla fulltrúi skólastjóra, Hafsteinn fulltrúi starfsfólks og fulltrúar nemenda: Pálína í 10.bekk, Brynjar í 9.bekk, Tómas Óli í 8.bekk, Gísli Baldur í 7.bekk, Rut í 6.b, Ólafur Marel í 5.bekk, Anna Katrín í 4.bekk, Unnur í 3.bekk, Guðmundur Brynjar í 2.bekk.

Forföll: Áslaug Dóra fulltrúi foreldra og Jóhannes matreiðslumeistari.

Fundarefni: Úttekt á stöðu verkefnisins vegna endurnýjunar Grænfánans.

- Laufey hóf fundinn með því að kynna gesti og spurði síðan nemendur um umhverfis- og umferðarvikuna sem var í skólanum í lok september.
- Unglingastigið sagði það hafa vantað að kynna og fylgja eftir Göngum í skólann verkefninu.
- Laufey talaði um að nemendur hafi óskað eftir því að bæta flokkun og fá líka ílát fyrir plast.
- Laufey minnir á að flestir í þessari nefnd hafi setið tvö ár í nefndinni og því sé komið að endurnýjun. Kjósa þarf nýja fulltrúa fljótlega.
- Gerður spyr um áform bæjarfélagsins um flokkun sorps og ræðir um að nemendur geti verið þrýstihópur, sem og góðir kennarar, þar sem þau séu vön flokkun frá því í leikskóla.
- Gerður spyr fulltrúa um hvort þeir hafi ákveðin hlutverk s.s. að upplýsa bekkjarfélaga sína. Það kemur fram í svari nemenda að þeir sjá um kynningar í sínum árgöngum. Fresta þurfti kynningum í unglingsáttum í vor vegna anna en þær standa fyrir dyrum. Laufey tekur fram að það vanti tengingu milli húsa.
- Rætt var hvort hægt sé að nýta fleiri leiðir til að upplýsa nemendur heldur en að kennarar séu alltaf að upplýsa og fræða, t.d. hvort nemendur gætu nýtt fleiri miðla og unnið fræðsluefni sem notað yrði til kynninga hjá nemendum. Nemendur segja líka frá umbun sem þeir hafa fengið hjá kennurum fyrir góða flokkun.
- Rætt var um og mælt með sjónrænum leiðbeiningum fyrir flokkun.
- Hafsteinn talar um lélega endingu fánans þegar hann hangir alltaf uppi. Gerður upplýsir að á vindasömum stöðum endist hann stutt og þar hafi verið gerð tilraun með skilti sem fest er á húsið.

Skýrsla verður tekin saman um stöðu mála eftir þessa heimsókn og Laufey og Gerður koma sér saman um afhendingu fánans að nýju.

Fundi slitið.

Fjóla Höskuldsdóttir fundarritari